



Alþingi  
Erindi nr. P 139/598  
komudagur 2. 12. 2010

1. desember 2010  
SÍ-68613

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum, 187. mál á 139. löggjafarþingi (ábyrgðargjald á grundvelli lánskjara, EES-reglur).

Með tölvupósti dags. 22. nóvember 2010, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að frumvarpið sé lagt fram samhliða frumvarpi til breytinga á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, sbr. einnig frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur; og að frumvörpin þrjú séu lögð fram í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 8. júlí 2009. Fram kemur að niðurstaða rannsóknar ESA hafi verið sú að hin ótakmarkaða eigendaábyrgð sem Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur njóta, í gegnum eigendur fyrirtækjanna, sé ekki að fullu í samræmi við ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð. Þó líti ESA svo á, að heimilt sé að veita eigendaábyrgð vegna lána viðkomandi fyrirtækja, en þá að því gefnu að greitt sé hæfilegt ábyrgðargjald fyrir. Þá segir að markmið frumvarpsins sé að koma til móts við ákvörðun ESA og tryggja að fyrir þær skuldbindingar Landsvirkjunar sem ríkisábyrgð er á, sem og aðra þá aðila sem falla undir 1. mgr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir, sé greitt hæfilegt ríkisábyrgðargjald.


Seðlabankinn vekur athygli á að tilefni kann að vera til að telja að ákvæði 1. gr. frumvarpsins sé ekki stjórnskipulega gilt og þar með að það geti náð markmiðum sínum. Ábyrgðargjaldi sem ríkisvaldið leggur á alla þá er njóta ríkisábyrgðar má jafna til skattlagningar. Slík álagning verður að njóta lagastoðar og vera samkvæmt lögum settum af Alþingi, sbr. 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Það er þó viðurkennt að löggjafinn geti framselt vald sitt til framkvæmdavaldsins, en slíkt framsal verður þó ekki án takmarkana. Seðlabankinn bendir á að orðalag 1. gr. frumvarpsins, um breytingu á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1997, kann að vera of opið svo að það fullnægi ekki þeim kröfum sem dómsvaldið hefur gert til


ákvæða af þessu tagi. Þannig er það of óljóst hver skuli vera takmörk og umfang þeirrar gjaldtöku sem nauðsynleg er talin vegna ábyrgðar ríkissjóðs. Vissulega er að finna leiðbeiningar í ákvæðinu, með vísan til *hagstæðari lánskjara* umfram þau kjör sem *almennnt bjóðast* á markaði, en það getur þó ekki talist taka af allan vafa um það hversu hátt gjaldið geti orðið. Þar með má telja að heimild til álagningar séu ekki settar nógu afmarkaðar skorður. Breytir ekki þó kveðið sé á um að mat ótiltekins óháðs aðila skuli lagt til grundvallar, en í því sambandi má einnig benda á að vafasamt sé að leggja í raun ákvörðunina um fjárhæð gjaldsins í hendur aðila utan stjórnkerfisins, sbr. dómur Hæstaréttar 1985:1544 (kjarnfóðurgjald).

Þá vill Seðlabankinn vekja athygli á að ekki er ljóst hver eigi að bera kostnaðinn vegna mats hins óháða aðila skv. 1. gr. og án skýrrar lagaheimildar er hæpið að unnt sé að krefja ábyrgðarþega um matskostnaðinn.

Að öðru leyti gerir Seðlabankinn ekki athugasemdir við frumvarpið og telur jákvætt að frumvarpið skuli lagt fram.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Arnór Sighvatsson,  
aðstoðarseðlabankastjóri

  
Sigríður Logadóttir,  
aðallögfræðingur